

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 14. janúar 2022
Mnr. 2022010049



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - breyting á 7. tl. b. liðar 48. gr. samþykkt

Með vísan til tillagðra breytinga á samþykktum um öldungaráð, sbr. minnisblað sviðsstjóra BÓJ og MG, dags. 14. janúar 2022, er lagt til að samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar verði jafnframt breytt, til samræmis.

Núgildandi ákvæði um öldungaráð:

7. tl. b. liðar 48. gr.

7. Öldungaráð: Samkvæmt samþykkt um öldungaráð Ísafjarðarbæjar kýs bæjarstjórn tvo fulltrúa og tvo til vara, Samtök eldri borgara í Ísafjarðarbæ tilnefna sex fulltrúa og sex til vara og Félag eldri borgara í Önundarfirði tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Kosið er til fjögurra ára.

Breytingatillaga:

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

7. Öldungaráð: Samkvæmt samþykkt um öldungaráð Ísafjarðarbæjar kýs bæjarstjórn þrjá fulltrúa og þrjá til vara, félög eldri borgara í Ísafjarðarbæ tilnefna þrjá fulltrúa og þrjá til vara, auk þess sem heilsugæslan kýs einn fulltrúa og einn til vara. Bæjarstjórn velur öldungaráðinu formann úr hópi öldungaráðsráðsmanna. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

Lagt er til við bæjarráð og bæjarstjórn að samþykkja ofangreindar breytingar á ákvæðinu.